

✉ Tilkynning um kæru, málsnúmer 502024

Búið til	22.4.2024 16:35:59
Höfundur	Anna María Arnardóttir
Móttekið dags.	22.4.2024 15:32:24
Tilheyrir	USK24040247 - Lofnarbrunnur 30 - Kæra 50/ 2024 - Stækkun lóðar

Efni

Tilkynning um kæru, málsnúmer 502024

Upplýsingar

Vinnsla

Móttekið dags.	22.4.2024 15:32:24	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Málalýkill	00.15.02 Kæur og dómsmál		
Lykilorð	kæur		

Þátttakendur

Frá	Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála - UUA (uua@uua.is)
Til	usk@reykjavik.is
Cc	[Redacted]

Innihald

<p>Góðan dag,</p> <p>Meðfylgjandi er afrit stjórnslukæru Kötlu Sifjar Friðriksdóttur og Grétar G. Hagalíns vegna ákvörðunar Reykjavíkurborgar frá 19. mars 2024 um að leggja á dagsektar frá og með 20. sama mánaðar. Hefur kærumálið hlotið málsnúmerið 50/2024. Vakin er athygli á því að kæra barst úrskurðarnefndinni 19. apríl 2024 en í dag 22. apríl 2024 barst greinargerð kærunnar.</p> <p>Vegna framkominnar kæru er farið fram á að úrskurðarnefndin fái í hendur gögn er málið varða og er stjórnvaldi jafnframt gefið kostur á að skila umsógn í málinu innan 15 daga frá dagsetningu þessarar tilkynningar, en hægt er að óska eftir 15 daga viðbótarfresti, sbr. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.</p> <p>Þess er vinsamlegast óskað að gögn málsins verði afhent úrskurðarnefndinni með skipulegum hætti, eftir atvikum með fylgiskjalalista. Ekki er þörf á að afhenda gögn sem fylgdu með kæru.</p> <p>Með kveðju,</p>

Unnpór Jónsson lögfræðingur

Úrskurðarnefnd umhverfis- og

auðlindamála

Borgartúni 21, 105 Reykjavík, Iceland

Sími / Tel: (+354) 575 8710

www.uua.is

(<https://eur01.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.uua.is%2F&data=05%7C02%7Cusk%40reykjavik.is%7C3f0e573edf704f7df6a208dc62e16ec2%7C6aed0be3a6ff4c6c83b5bb72bdd10088%7C0%7C0%7C638493967983982908%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljoimC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTil6lk1haWwiLCJXVCI6Mn0%3D%7C0%7C%7C%7C&sdata=3HXLyr058QGumWWBd8z%2F6wg1ot0Cib97IBSzfhhTqRQ%3D&reserved=0>) - Fyrirvari/Disclaimer

(<https://eur01.safelinks.protection.outlook.com/?url=https%3A%2F%2Fwww.stjornarradid.is%2Fum-vefinn%2Fum-abyrgd-a-tolvuposti-email-disclaimer%2F&data=05%7C02%7Cusk%40reykjavik.is%7C3f0e573edf704f7df6a208dc62e16ec2%7C6aed0be3a6ff4c6c83b5bb72bdd10088%7C0%7C0%7C638493967983992379%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljoimC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTil6lk1haWwiLCJXVCI6Mn0%3D%7C0%7C%7C%7C&sdata=31pwLNxfu5jtaik8hLRAs9QAJ8UBImZhCBheZFa%2FeA0%3D&reserved=0>)

(<https://eur01.safelinks.protection.outlook.com/?url=https%3A%2F%2Fwww.stjornarradid.is%2Fum-vefinn%2Fum-abyrgd-a-tolvuposti-email-disclaimer%2F&data=05%7C02%7Cusk%40reykjavik.is%7C3f0e573edf704f7df6a208dc62e16ec2%7C6aed0be3a6ff4c6c83b5bb72bdd10088%7C0%7C0%7C638493967983992379%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljoimC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTil6lk1haWwiLCJXVCI6Mn0%3D%7C0%7C%7C%7C&sdata=31pwLNxfu5jtaik8hLRAs9QAJ8UBImZhCBheZFa%2FeA0%3D&reserved=0>)

(<https://eur01.safelinks.protection.outlook.com/?url=https%3A%2F%2Fwww.stjornarradid.is%2Fum-vefinn%2Fum-abyrgd-a-tolvuposti-email-disclaimer%2F&data=05%7C02%7Cusk%40reykjavik.is%7C3f0e573edf704f7df6a208dc62e16ec2%7C6aed0be3a6ff4c6c83b5bb72bdd10088%7C0%7C0%7C638493967983992379%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljoimC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTil6lk1haWwiLCJXVCI6Mn0%3D%7C0%7C%7C%7C&sdata=31pwLNxfu5jtaik8hLRAs9QAJ8UBImZhCBheZFa%2FeA0%3D&reserved=0>)

(<https://eur01.safelinks.protection.outlook.com/?url=https%3A%2F%2Fwww.stjornarradid.is%2Fum-vefinn%2Fum-abyrgd-a-tolvuposti-email-disclaimer%2F&data=05%7C02%7Cusk%40reykjavik.is%7C3f0e573edf704f7df6a208dc62e16ec2%7C6aed0be3a6ff4c6c83b5bb72bdd10088%7C0%7C0%7C638493967983992379%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljoimC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTil6lk1haWwiLCJXVCI6Mn0%3D%7C0%7C%7C%7C&sdata=31pwLNxfu5jtaik8hLRAs9QAJ8UBImZhCBheZFa%2FeA0%3D&reserved=0>)



Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála

Borgartúni 21

105 Reykjavík

Kæra:

Fyrir hönd Kötlu Sifjar Friðriksdóttur, [REDACTED] og Grétars G. Hagalín, [REDACTED] er ákvörðun byggingarfulltrúa Reykjavíkurborgar um álagningu dagsekta, dags. 19. mars 2024, kærð og þess krafist að ákvörðunin verði felld úr gildi.

I. Umboð

Haraldur Flosi Tryggvason Klein lögmaður fer með mál þetta fyrir hönd kæranda.

II. Kæruefni

Kærð er sú ákvörðun byggingarfulltrúa Reykjavíkurborgar frá 19. mars 2024, sem barst kærendum með bréfi þann 4. apríl 2024, þar sem ákveðið var að leggja á kærendur dagsektir að fjárhæð kr. 25.000 fyrir hvern dag sem kærendur draga það að verða við kröfum byggingarfulltrúa. Í bréfinu, sem dagsett er 19. mars 2024, kemur fram að dagsektir verði innheimtar frá og með 20. mars 2024.

Í ákvörðun byggingarfulltrúa Reykjavíkurborgar, dags. 19. mars 2024, var kærendum bent á heimild til að skjóta ákvörðuninni til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan mánaðar frá því að kunnugt varð um hina kærnanlegu ákvörðun, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Með þessari kæru er farið fram á að úrskurðarnefndin taki til kærumeðferðar ákvörðun byggingarfulltrúa Reykjavíkurborgar frá 19. mars 2024 og ógildi hana með vísan til meðalhófs.

Greinargerð ásamt gögnum verður skilað til nefndarinnar á næstu dögum

Áskilinn er réttur til að koma að frekari kröfum og andsvörum við upplýsingum sem kunna að koma fram við meðferð kærunnar.



Haraldur Flosi Tryggvason Klein, lögmaður



Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála
Borgartúni 21
105 Reykjavík

Reykjavík, 6. nóvember 2024
USK24040247

Málavextir

Þann 22. janúar 2024 sendi embætti byggingarfulltrúans í Reykjavík þinglýstum eigendum að Lofnarbrunni 30 bréf þar sem efni bréfsins var áform um álagningu dagsekta. Í því bréfi kemur fram að veittur sé 30 daga frestur frá móttöku þess bréfs til að fjarlægja þann hluta girðingar og undirstöður hennar sem staðsettar eru í borgarlandi. Verði ekki orðið við þeirri kröfu áformar byggingarfulltrúi að leggja á dagsektir kr. 25.000 fyrir hvern þann dag sem dregst að verða við fyrrnefndri kröfu. Jafnframt var veittur 14. daga frestur til að koma að andmælum vegna áforma um álagningu fyrirhugaðra dagsekta.

Þann 5. febrúar 2024 sendu kærendur tölvupóst þess efnis að þau andmæla erindinu án frekari rökstuðnings.

Þann 6. febrúar 2024 voru andmælum kæranda svarað en þar sagði að engin rök gegn ákvörðuninni hefðu komið fram í tölvupóstinum frá kærendum sem vega á móti þeirri ákvörðun um að láta fjarlægja girðinguna og fyrirhugaðra dagsekta og því helst sá frestur sem birtur hefur verið.

Þann 19. mars 2024 sendi embætti byggingarfulltrúans í Reykjavík þinglýstum eigendum að Lofnarbrunni 30 bréf þar sem efni bréfsins var álagning dagsekta. Í bréfinu kemur fram að byggingarfulltrúi hafi ákveðið að leggja á dagsektir kr. 25.000 fyrir hvern þann dag sem dregst að verða við kröfum byggingarfulltrúa. Dagsektir verða innheimtar frá og með 20. mars 2024.

Reynt hefur verið að ná sáttum í þessu máli. Í tölvupósti frá starfsmanni umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar frá 24. apríl 2024 kom fram svar við fyrirspurn fyrirsvarsmann kæranda sem hafði borist 4 virkum dögum áður og 2 virkum dögum fyrir dagsetningu kæru, varðandi afstöðu byggingarfulltrúa um niðurfellingu dagsekta. Í því svari kemur fram að þegar að kærendur hafa orðið við kröfu byggingarfulltrúa þess efnis að fjarlægja girðingu og undirstöður á borgarlandi mun afstaða verða tekin til þess hvort tilefni sé til þess að fella niður áfallnar dagsektir. Slíkt hefur ekki verið gert eins og myndir frá 22. október 2024 og mæling mælingarmanns Reykjavíkurborgar frá 29. október 2024 sýna fram á.

Kröfugerð

Reykjavíkurborg gerir aðallega þá kröfu að kæru verði vísað frá þar sem hún er of seint fram komin, en til vara að úrskurðarnefndin hafni öllum kröfum kæranda og að hin kærða ákvörðun byggingarfulltrúa um álagningu dagsekta verði staðfest.

1

Álit Reykjavíkurborgar

Aðalkrafa

Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindarmála er kærufrestur til nefndarinnar einn mánuður frá því að kæranda varð/mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Hin kærða ákvörðun er dagsett þann 19. mars 2024 en kæra dagsett 22. apríl 2024. Því er ljóst að rúmur mánuður hefur liðið frá hinni kærðu ákvörðun þar til að kæra vegna hennar barst. Er kærufrestur því liðinn sbr. fyrrnefnt ákvæði laga nr. 130/2011.

Varakrafa

Staðsetning lóðarmarka Lofnarbrunns 30 hefur verið mæld og staðfest í tvígang af mælingarmanni Reykjavíkurborgar fyrst þann 26. september 2022 og í seinna skiptið þann 29. október 2024, en þar kom í ljós í bæði skiptin að umræddar framkvæmdir kæranda standa í borgarlandi. Grundvöllur fyrir álagningu dagsektanna er því ótvírætt mjög skýr og telst málið nægjanlega upplýst. Reykjavíkurborg hefur því uppfyllt rannsóknarskyldu sína sbr. 10. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Kærendur byggja á því að ákvörðun byggingarfulltrúans í Reykjavík frá 19. mars 2024 hafi ekki verið í samræmi við skráðar og óskráðar reglur stjórnsýsluréttar um meðalhóf.

Í 12. gr. stjórnsýslulaga nr. 112/2012 segir að stjórnvald skuli aðeins taka íþyngjandi ákvörðun þegar lögmætu markmiði sem að er stefnt verður ekki náð með vægara móti. Ljóst er að áður en ákvörðun um álagningu dagsekta var tekin þá var reynt að ná umræddu markmiði með vægara móti. Í bréfi frá 22. janúar 2024 sem embætti byggingarfulltrúans í Reykjavík sendi kærendum kom fram að veittur var 30 daga frestur frá móttöku bréfsins til þess að fjarlægja umrædda girðingu og undirstöður hennar. Þar kom jafnframt fram áform byggingarfulltrúa um álagningu dagsekta ef ekki yrði orðið við kröfunni. Ákvörðun um álagningu dagsekta var svo tekin tæplega tveimur mánuðum síðar. Líkt og fram kemur í málavaxtalýsingunni þá barst byggingarfulltrúa andmæli gegn áformunum en án rökstuðnings og því hafði ekkert nýtt komið fram sem taka þurfti til skoðunar fyrir hina kærðu ákvörðun.

Kærendur nefna meðal annar í kæru sinni til nefndarinnar að kærendur hafi reynt að fá dagsektirnar felldar niður gegn því að kærandi fjarlægji umrædd mannvirki. Þess skal getið að kærendur hafa enn ekki fjarlægt umrædd mannvirki, þrátt fyrir yfirlýsingar þess efnis en í pósti fyrirsvarsmanns kæranda frá 18. apríl 2024 kemur fram yfirlýsing að kærendur muni hefjast handa við að fjarlægja undirstöður og girðingu sem er staðsett í borgarlandi við Lofnarbrunn 30 á næstu dögum. Nú hefur rúmlega hálf ár liðið og enn standa undirstöðurnar í borgarlandi líkt og vettvangsskoðun sem framkvæmd var þann 29. október sl. staðfestir.

Kærendur telja jafnframt að ekki hafi verið gætt að meðalhófi við innheimtu dagsekta degi eftir að ákvörðunin var dagsett. Í grein 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012 og 56. gr. laga um mannvirki er fjallað um heimild byggingarfulltrúa um álagningu dagsekta.



Þar er þó ekki fjallað um þann tímapunkt hvenær heimilt er að hefja innheimtu slíkra sekta. Telja verður þó að meðalhófsregla stjórnýslulaga nr. 37/1993 girði fyrir það að hægt sé að leggja á afturvirkar stjórnvaldssektir þ.e að innheimta dagsekta hefjist áður en ákvörðun um álagningu dagsekta er tekin. Í þessu tilfelli er því ekki um afturvirka beitingu þvingunarúrræða að ræða þar sem innheimta dagsektanna hófst eftir að ákvörðunin var tekin. Þess ber að geta að ákvarðanir byggingarfulltrúa eru birtar á vefsvæði byggingarfulltrúa á heimasíðu Reykjavíkurborgar, þar er hægt að sjá afgreiðslu byggingarfulltrúa frá 19. mars 2024. Ekki verður annað séð en þar sé um opinbera birtingu að ræða¹. Ákvörðunin um álagningu dagsektanna var tekin tæplega tveimur mánuðum eftir að áform um álagningu voru birt kæranda og tæplega mánuði eftir að frestur sem byggingarfulltrúi veitti kærendum til úrbóta rann út.

Í meðalhófsreglunni felst eins og áður segir að stjórnvald skuli aðeins taka íþyngjandi ákvörðun þegar lögsmætu markmiði sem að er stefnt verður ekki náð með vægara móti. Telja verður að með tilliti til tilgangs dagsekta sem er að knýja menn til ákveðinna verka eða láta af ólögsmætu atferli, hafi byggingarfulltrúi gætt að meðalhófi með álagningu dagsekta daginn eftir að ákvörðun um það var tekin í kjölfar rúms frests fyrir kærundur til úrbóta í kjölfar áforma um dagsektir.

Af öllu framangreindu verður ráðið að gætt hefur verið að meðalhófi við álagningu dagsekta þar sem rúmur tímarammi hefur verið fyrir kærundur til þess að bregðast við þeirri kröfu byggingarfulltrúa sem dagsektirnar byggja á. Þrátt fyrir loforð kæranda um að fjarlægja óleyfisframkvæmd í borgarlandi hefur hann ekki enn staðið við það. Jafnframt ber að geta þess að Húsnæðis- og mannvirkjastofnun hefur gefið út leiðbeiningar um grein 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012 sem fjallar um aðgerðir til að knýja fram úrbætur. Ekki verður annað séð en að byggingarfulltrúi hafi farið eftir þeim verkferlum í einu og öllu.

Niðurstaða

Reykjavíkurborg ítrekar þá kröfu sína að úrskurðarnefndin vísi kærunni frá sökum þess að hún er of seint fram komin en til vara að úrskurðarnefndin hafni kröfum kæranda um að ákvörðun byggingarfulltrúa um álagningu dagsekta verði felld úr gildi.

Taki nefndin til skoðunar aðrar málsástæður en fram koma í kæru og í umsögn þessari er þess óskað að borgaryfirvöldum verði gert kleift að tjá sig um þær áður en til úrskurðar í málinu kemur.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs,

Bjarki Freyr Arngrímsson,
lögfræðingur
Skrifstofa stjórnýslu og gæða

¹ <https://reykjavik.is/sites/default/files/2024-03/afgreidslufundur-byggingarfulltrua-19.-mars-2024.pdf>



Árið 2025, fimmtudaginn 27. febrúar, kom úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála saman til fundar í húsnæði nefndarinnar að Borgartúni 21, Reykjavík. Mætt voru Ómar Stefánsson varaformaður og Karólína Finnbjörnsdóttir lögmaður. Aðalheiður Jóhannsdóttir prófessor tók þátt í fundinum í gegnum fjarfundabúnað.

Fyrir var tekið mál nr. 50/2024, kæra á ákvörðun byggingarfulltrúans í Reykjavík frá 19. mars 2024 um álagningu dagsekta vegna óleyfisframkvæmda á borgarlandi við hlið lóðar nr. 30 við Lofnarbrunn.

Í málinu er nú kveðinn upp svofelldur

úrskurður:

Með bréfi til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, er barst nefndinni 19. apríl 2024, kæra Katla Sif Friðriksdóttir og Grétar G. Hagalín, Lofnarbrunni 30, ákvörðun byggingarfulltrúans í Reykjavík frá 19. mars 2024 um álagningu dagsekta vegna óleyfisframkvæmda á borgarlandi við fasteignina að Lofnarbrunni 30. Er þess krafist að ákvörðunin verði felld úr gildi.

Gögn málsins bárust úrskurðarnefndinni frá Reykjavíkurborg 22. október 2024.

Málavextir: Kærendur eru eigendur fasteignarinnar að Lofnarbrunni 30, Reykjavík. Í september 2022 hófu þeir byggingu útveggja á svæði við hlið lóðarinnar meðfram göngustíg á borgarlandi. Kærendur sendu fyrirspurn 28. september s.á. til Reykjavíkurborgar ásamt greinargerð frá teiknistofu varðandi stækkun lóðarinnar nr. 30 við Lofnarbrunn til vesturs um 90 cm og að gangstétt norðan megin lóðar verði hellulögð í stað þess að hún verði steyp. Fyrirspurn kæranda var lögð fram á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 6. október 2022. Umsögn skipulagsfulltrúa lá fyrir 20. s.m. Í henni kom fram að mikilvægt væri að halda í breidd landrýmis um mikilvægan stíg í hverfinu og var því tekið neikvætt í erindið. Með málskoti til umhverfis- og skipulagsráðs, 14. september 2023, andmæltu kærendur afgreiðslu skipulagsfulltrúa. Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs 4. október s.á. var fyrrgreind umsögn skipulagsfulltrúa staðfest.

Með bréfi, dags. 22. janúar 2024, var kærendum tilkynnt um fyrirhugaðar dagsektir og var þeim veittur 30 daga frestur til þess að fjarlægja girðingu sem hafði verið sett upp ásamt undirstöðum hennar. Í bréfinu var jafnframt tekið fram að eiganda beri að sækja um afnotaleyfi af borgarlandi áður en ráðist yrði í framkvæmdir við að fjarlægja mannvirkið. Með tölvupósti, dags. 5. febrúar s.á., andmæltu kærendur áformunum, en þeim andmælum var hafnað af hálfu Reykjavíkurborgar með tölvupósti degi síðar. Vísað var til þess að engin rök hefðu komið fram sem vögu á móti ákvörðuninni og því héldist uppgefinn frestur til þess að verða við kröfunni. Af hálfu kæranda var óskað eftir frekari rökstuðningi vegna málsins með tölvupósti, dags. 7. febrúar 2024. Því erindi var svarað með tölvupósti, dags. 19. s.m., þar sem fram kom að um væri að ræða nauðsynlegt borgarland, m.a. vegna snjómoksturs, og að málinu væri lokið af hálfu Reykjavíkurborgar.

Með bréfi, dags. 19. mars 2024, var kærendum tilkynnt um álagningu dagsekta þar sem ekki hafi verið brugðist við fyrri kröfu byggingarfulltrúans í Reykjavík. Í bréfinu kom fram að dagsektirnar yrðu innheimtar frá og með 20. s.m. Er það hin kærða ákvörðun í máli þessu.

Málsrök kæranda: Kærendur byggja á því að ákvörðun byggingarfulltrúa um álagningu dagsekta hafi verið andstæð reglum stjórnisýsluréttar um meðalhóf. Í 12. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 komi fram að stjórnvöld skuli aðeins taka íþyngjandi ákvörðun þegar lögmætu markmiði verði ekki náð með öðru vægara móti. Gæta skuli þess að ekki sé farið strangar í sakirnar en nauðsyn ber til. Reglan feli í sér að stjórnvöld verði að gæta hófs í meðferð valds síns. Stjórnvaldi sé þannig ekki aðeins skylt að líta til þess markmiðs sem starf þess stefnir að, heldur beri því að taka tillit til hagsmuna og réttinda þeirra einstaklinga sem athafnir stjórnvaldsins og valdbeiting beinist að.

Í hinni kærðu ákvörðun, dags. 19. mars 2024, komi fram að innheimta dagsekta hæfist næsta dag, þ.e. 20. s.m. Ákvörðunin hafi borist kærendum með ábyrgðarpósti 4. apríl s.á. og hafi þá verið liðnir 16 dagar frá álagningu dagsekta. Áður en ákveðið hafi verið að leggja dagsektir á kærundur hafi þau ítrekað óskað eftir fundi við starfsmenn Reykjavíkurborgar í leit að lausn málsins, en kærundur hafi ekki neitað að fjarlægja þau mannvirki sem standi á borgarlandi á neinum tímapunkti. Með tölvupósti, dags. 23. febrúar 2024, hafi kærundur óskað eftir fundi með starfsmönnum Reykjavíkurborgar, en honum hafi ekki verið svarað. Eftir að kærundur hafi fengið vitneskju um ákvörðunina hafi ítrekað verið reynt að hafa samband við Reykjavíkurborg símleiðis og með tölvupóstum í því skyni að fá dagsektirnar felldar niður og myndu kærundur þá fjarlægja umrædd mannvirki. Engin afstaða hafi borist frá Reykjavíkurborg gagnvart þeirri beiðni. Þá hafi kærundur tjáð Reykjavíkurborg að þau hyggist fjarlægja girðingar og undirstöður sem staðsettar eru á borgarlandi.

Málsrök Reykjavíkurborgar: Af hálfu Reykjavíkurborgar er vísað til þess að hin kærða ákvörðun sé dagsett 19. mars 2024, en kæran í máli þessu sé dagsett 22. apríl s.á. Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála sé kærufrestur til nefndarinnar einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt um ákvörðunina og kærufrestur hafi því verið liðinn.

Bent sé á að reynt hafi verið að ná sáttum í málinu. Í tölvupósti frá starfsmanni umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 24. apríl 2024, hafi komið fram svar við fyrirspurn fyrirvarsmanns kæranda varðandi afstöðu byggingarfulltrúa um niðurfellingu dagsekta. Fram hafi komið að þegar kærundur hafi orðið við kröfu byggingarfulltrúa um að fjarlægja girðingu og undirstöðir á borgarlandi yrði afstaða tekin til þess hvort tilefni væri til að fella niður áfallnar dagsektir. Slíkt hafi ekki verið gert eins og fyrirbyggjandi myndir og mælingar á vettvangi sýni. Lóðamörk Lofnarbrunnis 30 hafi verið mæld og staðfest af mælingamanni Reykjavíkurborgar í tvígang þar sem í ljós hafi komið að umdeildar framkvæmdir kæranda stæðu á borgarlandi. Grundvöllur fyrir álagningu dagsekta sé því skýr og teljist málið nægilega upplýst. Reykjavíkurborg hafi uppfyllt rannsóknarskyldu sína samkvæmt 10. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993.

Með bréfi, dags. 22. janúar 2024, hafi kærendum verið veittur 30 daga frestur til þess að fjarlægja umdeilda girðingu og undirstöður hennar. Í bréfinu hafi komið fram áform byggingarfulltrúa um álagningu dagsekta ef ekki yrði orðið við kröfunni. Tæplega tveimur mánuðum síðar hafi verið tekin ákvörðun um álagningu dagsekta. Kærundur hafi þá haft uppi andmæli gegn áformunum, en án rökstuðnings og því hafi ekkert nýtt komið fram sem taka þyrfti til skoðunar áður en hin kærða ákvörðun var tekin.

Kærendur hafi bent á í kæru sinni til úrskurðarnefndarinnar að reynt hafi verið að fá dagsektir felldar niður gegn því að þau fjarlægðu umrædd mannvirki. Það hafi enn ekki verið gert, þrátt fyrir yfirlýsingar þess efnis. Í tölvupósti frá kærendum, dags. 18. apríl 2024, hafi þau lýst því yfir að þau myndu á næstu dögum hefjast handa við að fjarlægja undirstöður og girðingu sem væri staðsett í borgarlandi við Lofnarbrunn 30. Nú hafi rúmlega hálf tveggja ár liðið og enn standi undirstöðurnar á borgarlandi líkt og vettvangsskoðun sem farin hafi verið 29. október 2024 staðfesti.

Í grein 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012 og 56. gr. laga nr. 160/2010 um mannvirki sé fjallað um heimild byggingarfulltrúa um álagningu dagsekta. Þar sé þó ekki fjallað um þann tímapunkt sem heimilt sé að hefja innheimtu slíkra sekta. Telja verði að meðalhófsregla stjórnarsýslulaga girði fyrir það að hægt sé að leggja á afturvirkar stjórnvaldssektir. Í þessu tilfalli sé ekki um afturvirka beitingu þvingunarúrræða enda hafi innheimta dagsektanna hafist eftir að ákvörðun hafi verið tekið. Ákvarðanir byggingarfulltrúa séu birtar á vefsvæði byggingarfulltrúa á heimasíðu Reykjavíkurborgar. Þar sé hægt að sjá afgreiðslu byggingarfulltrúa frá 19. mars 2024, en um sé að ræða opinbera birtingu.

Í meðalhófsreglunni felist að stjórnvald skuli aðeins taka íþyngjandi ákvörðun þegar lögmætu markmiði sem stefnt sé að verði ekki náð með öðru vægara móti. Með tilliti til tilgangs dagsekta sem sé að knýja menn til ákveðinna verka eða láta af ólögmætu atferli, hafi byggingarfulltrúi gætt að meðalhófi með álagningu dagsekta daginn eftir að ákvörðun um það hafi verið tekin í kjölfar rúms frests sem kærendum var veittur til þess að gera úrbætur.

Niðurstaða: Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála er kærufrestur til úrskurðarnefndarinnar einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um þá ákvörðun sem kæra lýtur að. Hin kærða ákvörðun var tilkynnt kærendum með bréfi dags. 19. mars 2024. Skrifleg og undirrituð kæra í máli þessu barst úrskurðarnefndinni 19. apríl 2024 í samræmi við 1. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011, en frekari gögn og greinargerð af hálfu kæranda bærust nefndinni 22. s.m. Er því af framangreindu virtu litið svo á að kæran hafi borist innan fyrrgreinds kærufrests.

Í máli þessu er deilt um álagningu dagsekta á kærendur að fjárhæð 25.000 kr., til að knýja fram að óleyfisframkvæmdir við lóð nr. 30 við Lofnarbrunn, Reykjavík, verði fjarlægðar. Umdeildar framkvæmdir fólust í því að sett var upp girðing og undirstöður á svæði sem er í eigu Reykjavíkurborgar.

Í 1. mgr. 56. gr. laga nr. 160/2010 um mannvirki kemur fram að telji byggingarfulltrúi að ásigkomulagi, frágangi, umhverfi eða viðhaldi húss, annars mannvirkis eða lóðar sé ábótavant, af því stafi hætta eða það teljist skaðlegt heilsu eða ekki sé gengið frá því samkvæmt samþykktum uppdráttum, lögum, reglugerðum eða byggingarlýsingu, skuli hann gera eiganda eða umráðamanni þess aðvart og leggja fyrir hann að bæta úr því sem áfátt sé. Þá er í 2. mgr. ákvæðisins að finna heimild til að beita dagsektum til að knýja á um úrbætur. Nánar er kveðið á um aðgerðir til að knýja fram úrbætur í gr. 2.9.2. í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Ákvörðun um beitingu dagsekta er íþyngjandi stjórnvaldsákvörðun sem samkvæmt fyrrgreindum ákvæðum laga um mannvirki er háð mati stjórnvalds. Við mat á því hvort beita eigi dagsektum þarf sem endranær að fylgja meginreglum stjórnarsýsluréttarins svo sem um andmælarétt, rannsókn máls og að baki ákvörðun búi málefnaleg sjónarmið.

Kærendum var fyrst tilkynnt um áform um álagningu dagsekta með bréfi, dags. 22. janúar 2024, þar sem veittur var 30 daga lokafrestur til að verða við kröfu Reykjavíkurborgar um að

þær framkvæmdir sem staðsettar væru á borgarlandi yrðu fjarlægðar. Yrði ekki orðið við þeirri kröfu áformi byggingarfulltrúi álagningu dagsekta að fjárhæð 25.000 krónur. Ákvörðun um álagningu dagsekta var tilkynnt kærendum með bréfi, dags. 19. mars s.á., tæpum tveimur mánuðum eftir að þeim var tilkynnt um áformin. Af hálfu Reykjavíkurborgar var ákvörðunin studd þeim rökum að um væri að ræða nauðsynlegt borgarland.

Liggur því ekki annað fyrir en að meðalhófs hafi verið gætt og að byggingarfulltrúi hafi fylgt málsmeðferðarreglum stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 við meðferð málsins, þ. á m. veitt kærendum andmælarétt, sbr. 13. gr. stjórnarsýslulaga, og fært fram rök að baki ákvörðuninni með vísan til málsatvika og viðeigandi réttarheimilda, sbr. 21. og 22. gr. laganna. Voru því uppfyllt skilyrði 56. gr. laga nr. 160/2010 og gr. 2.9.2. í byggingarreglugerð fyrir því að taka hina kærðu ákvörðun.

Að öllu framangreindu virtu verður kröfu kæranda um ógildingu hinnar kærðu ákvörðunar hafnað.

Með vísan til 2. mgr. 29. gr. stjórnarsýslulaga þykir rétt að dagsektir, sem kunna að hafa verið lagðar á til og með uppkvaðningu þessa úrskurðar falli niður.

Úrskurðarorð:

Hafnað er kröfu um ógildingu ákvörðunar byggingarfulltrúans í Reykjavík frá 19. mars 2024 um álagningu dagsekta að fjárhæð 25.000 kr. vegna óleyfisframkvæmda á borgarlandi við hlið lóðar nr. 30 við Lofnarbrunn.

Dagsektir sem kunna að hafa verið lagðar á til og með uppkvaðningu þessa úrskurðar falli niður.

Ómar Stefánsson (sign)

Aðalheiður Jóhannsdóttir (sign)

Karólína Finnbjörnsdóttir (sign)